

Verksmiðjunúmer á eftirvagna

Verksmiðjunúmer skal höggva í grind eftirvagnsins svo varanlegt sé, helst framan til á hlið vagns hægra megin

Íslensk framleiðsla

Verksmiðjunúmerið samanstendur af 17 tölu- og bókstöfum:

- 01-02: **IS** Til að auðkenna íslenska framleiðslu.
- 03: **9** Staðlað kennitákn fyrir tegund ökutækja sem framleidd eru í innan við 500 eintökum.
- 04-07: Fjórir bókstafir sem segja til um framleiðanda eða eru hluti af nafni framleiðslu hans.
- 08: Flokkur ökutækisins:
5 Tengivagn
6 Festivagn
7 Hengivagn
- 09: Tölustafur eða bókstafur valinn af framleiðanda til að gefa gerð ökutækisins (ef fleiri en ein er framleidd) til kynna.
- 10: Framleiðsluár ökutækisins:
L 1990 **S** 1995 **Y** 2000 **5** 2005 **A** 2010
M 1991 **T** 1996 **1** 2001 **6** 2006 **B** 2011
N 1992 **U** 1997 **2** 2002 **7** 2007 **C** 2012
P 1993 **W** 1998 **3** 2003 **8** 2008
R 1994 **X** 1999 **4** 2004 **9** 2009
- 11-14: **XXXX** Fjögur X til uppfyllingar.
- 15-17: Raðnúmer sem byrjar á 001. Röð þessa hlaupandi númers breytist ekki þótt breyting verði á gerðinni (9. stafnum sem túlkar gerðina), né heldur þótt 10. stafurinn breytist með nýju framleiðsluári.